

www.draumalidid.is

Draumaliðið verður að mynda alla krakkana sem keppa á Nettómóttinu. Verður þetta í fyrsta sinn sem við mætum á stórt körfuboltamót og er ætlun okkar að vanda vel til verka. Ljósmyndarar frá okkur verða vel merktir í gulum vestum. Þegar lið ykkar er myndað, byrjum við á því að taka hópmynd af liðinu (liðsmynd) meðan að liðið er að hita upp fyrir komandi leik. Liðsmyndartakan tekur ekki lengur en 1 mínútu á lið. Þegar við erum að mynda lið ykkar langar okkur til að leyfa öllum liðsmönnum að spreyta sig svo enginn verði útundan.



FANBRUSH andlitslitir

Öll lið fá Fanbrush andlitsliti í boði mótsnefndar. Litirnir eru andlitsfarði og þeir eru ofnæmisprófaðir, auðvelt er að þrifa þá af með þurrum klút, sápuvatni eða farðahreinsi. Litirnir duga í yfir 120 venjulegar rendur. Hvetjum við liðin til að nýta sér litina og búa þannig til skemmtilega stemningu í liðinu og á móttinu.



Gangi ykkur vel og góða skemmtun 😊